Nóvember 1968 11

# Fréttabréf

# Kjararannsóknarnefndar

Kjararannsóknarnefnd
Skrifstofur: Skólavörðustíg 12
Símar: 21775 og 21776

# F r é t t a b r é f

11

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð
í nóvember 1968.

Björgvin Sigurðsson (formaður)
Björn Jónsson
Helgi Bergs
Hjalti Kristgeirsson
Sigurvin Einarsson
Þorvarður Alfonsson

Efnisyfirlit:

Bls.

I Þróun tímakaups og vinnutíma í Reykjavík á 1.ársfj. 1968. Birtar eru niðurstöður úr launaskýrslum fyrir þennan ársfjórðung, og gerður samanburður við fyrri ársfjórðunga. 3

II Um atvinnuleysi á árunum 1957 - 1968. Hér eru birtar upplýsingar um fjölda bættra daga hjá Atvinnuleysistryggingarsjóði og atvinnuleysisskráning Ráðningarstofu Reykjavíkur, og tölur um heildar atvinnuástandið á landinu árin 1957 - 1968. 24

III Útflutningur áranna 1963 - 1968. Birtar eru tölur um magn og verðmæti útflutningsins þessi ár á föstu gengi, og reiknað út einingarverð. Einnig er sýndur samanburður á þróun verðlags helztu útflutningsafurða, og vinnuafls, árin 1961 - 1968, á breytilegu gengi. 30

# Tímakaup og vinnutími í Reykjavík á 1. ársfjórðungi 1968.

-------

Upplýsingar um tímakaup og vinnutíma verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna og flugáhafna fyrir 1. ársfjórðung 1968 er að finna í töflu 1-7 hér á eftir. Sömuleiðis upplýsingar um skiptingu vinnutímans í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Samsvarandi upplýsingar um 1. ársfjórðung 1967 voru birtar í Fréttabréfi nr. 7.

Skýrslur þessar ná yfir 1.174 þús. vinnustundir.

Hér verður fjallað um hverja áðurnefnda starfsstétt sérstaklega, en engin tilraun gerð til þess að bera þær saman.

Nokkrar breytingar voru nú gerðar á úrvinnslu tímakaupsskýrslna. Mest er það einungis tæknileg atriði, sem engu máli skipta fyrir niðurstöðuna, nema breytt meðferð á helgidaga-álagi.

Áður fyrr var helgidaga-álag reiknað þannig út, að öllum greiðslum vegna óunninna helgidaga var dreift á dagvinnutíma og því látnar koma til hækkunar á henni. Sú aðferð olli því, að ekki var hægt að reikna meðaltímakaupið eins og það væri án þessara greiðslna rétt út með því einu að draga helgidaga-álagið frá meðaltímakaupinu. Þessu hefur nú verið breytt, þannig að helgidagagreiðslum er dreift í heildarfjölda unninna klst., svo að finna megi meðaltímakaup án helgidagaálags með því að draga helgidagaálagið frá meðaltímakaupinu.

## I. KAFLI - Verkamenn.

### 1.1 Tímakaup verkamanna.

Í marz mánuði var tveggja vikna almenn vinnustöðvun, sem leystist þann 18. marz með samkomulagi um vísitölu-uppbót á kaup eftir sérstökum reglum þar um. Aðrar kaupbreytingar frá 1. ársfj. 1967 voru engar nema hækkun kaupgjalds-vísitölu þann 1. desember 1967. Þessar kaupbreytingar valda því, að taxtakaup á 1. ársfjórðungi 1968 er um 3,8 % hærra en á 1. ársfjórðungi 1967.

Ef raunverulegar kaupgreiðslur hafa hækkað til samræmis við kauptaxta, þá ætti greitt tímakaup í dagvinnu að hafa hækkað um 3,8 %.

| Verkamenn 1. ársfj. | Tímak.í dagv. 1967 | 1968 | Aukn. % | Meðaltímakaup 1967 | 1968 | Aukn. % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Alm.verkam.v. | 58,48 | 59,82 | + 2,3 | 68,34 | 68,09 | ÷ 0,4 |
| Aðst.v/fagv. | 66,70 | 68,42 | + 2,6 | 76,19 | 75,22 | ÷ 1,3 |
| Vélstjórn | 64,31 | 68,88 | + 7,1 | 77,17 | 81,32 | + 5,4 |
| Samanvegið | 61,58 | 63,80 | + 3,6 | 72,12 | 72,82 | + 1,0 |

Samanvegið tímakaup í dagvinnu er nú kr. 63,80, en var kr. 61,58 á 1. ársfjórðungi 1967. Það hefur því hækkað um 3,6 %, eða lítið eitt minna en efni stóðu til, vegna breytinga á kaupgjaldsvísitölu. Þessi kauphækkun kemur þó ekki jafnt niður, heldur hækkar kaup stjórnenda vörubíla og þungra vinnuvéla mun meira en kaupgjaldsvísitalan, en aðrir verkamenn fá minni hækkun. Stjórnendur véla náðu helmingi þessarar umfram hækkunar á 1. ársfjórðungi 1968, en afgangnum á árinu 1967, einkum á 4. ársfjórðungi.

Meðaltímakaupið hækkar að meðaltali um 1,0 % hjá verkamönnum. Minni helgidagagreiðslur valda 2,2 % lækkun á meðaltímakaupi, þannig að meðaltímakaupið hefur hækkað um 3,2 % hjá allri heildinni, sé ekki reiknað með breytilegum helgidagagreiðslum, þ. e. um 1,6 % hjá alm. verkamönnum, 1,1 % hjá aðstoðarmönnum við fagvinnu og um 7,7 % hjá stjórnendum véla. Meðaltímakaupið hefur því ekki hækkað eins mikið og tímakaup í dagvinnu, sem bæði stafar af minnkandi yfirvinnu og launaskriði niður á við.

Greinilegt er, að tímakaup í dagvinnu hjá almennum verkamönnum hækkar minnst, og 1½ % minna en það ætti að hafa gert, vegna hækkunar á kaupgjaldsvísitölu. Orsakir þess geta verið margar. Þess má geta í því sambandi, að talsverður munur er á kaupi verkamanna eftir því, hvort þeir hafa unnið lengur eða skemur en 6 mánuði hjá viðkomandi atvinnurekanda, og getur því dagvinnukaupið lækkað, ef hreyfing kemst á vinnuaflið. Bónus og ákvæðisgreiðslur hafa áhrif á dagvinnukaupið og geta hækkað

það eða lækkað eftir atvikum, og yfirborganir geta átt sinn þátt í breytingu þess.

| Kauphækkun frá 1. ársfj. 1967 | Alm. verkam. | Aðst.m. v/fagv. | Stjórn véla | Vegið meðalt. |
|---|---|---|---|---|
| | % | % | % | % |
| 1. Kaupgjaldsvísit. | + 3,8 | + 3,8 | + 3,8 | + 3,8 |
| 2. Ýmislegt | ÷ 1,5 | ÷ 1,2 | + 3,3 | ÷ 0,2 |
| Samtals dagv.k. | + 2,3 | + 2,6 | + 7,1 | + 3,6 |
| 3. Yfirvinna | ÷ 0,7 | ÷ 1,5 | + 0,6 | ÷ 0,4 |
| Samt. meðalt.k. án helgid.álags | + 1,6 | + 1,1 | + 7,7 | + 3,2 |
| 4. Helgid. hreifanl. | ÷ 2,0 | ÷ 2,4 | ÷ 2,4 | ÷ 2,2 |
| Samt. meðalt.k. | ÷ 0,4 | ÷ 1,3 | + 5,3 | + 1,0 |

Yfirvinna hefur lítið breytzt hjá alm. verkamönnum á þessu tímabili, þó að hún hafi heldur minnkað. Meðaltímakaup án helgidagaálags hefur hækkað um 1,6 % hjá alm. verkamönnum, sem er heldur meir en hjá aðstoðarmönnum við fagvinnu, en undir meðaltali allrar heildarinnar.

Aðstoðarmenn við fagvinnu fá 2,6 % hækkun á dagvinnukaupið, sem er lítið eitt meira en hjá almennum verkamönnum. Aftur á móti dregst yfirvinna meira saman hjá þeim, þannig að meðaltímakaupið án helgidagaálags hækkar um aðeins 1,1 %, sem er minnsta hækkunin hjá þessum hópum.

Stjórnendur vela ná 7,1 % hækkun á dagvinnukaupið, þannig að greinilega hefur orðið verulegt launaskrið uppá við hjá þeim. Kjarasamningar stjórnenda þungra vinnuvéla og bifreiðastjóra í langkeyrslu eru þannig úr garði gerðir, að við vissar aðstæður fá þeir greitt tvöfalt kaup, sem veldur vitanlega miklum sveiflum.

Meðaltímakaupið sýnir öðrum tölum betur breytingu á heildarvinnuaflskostnaði atvinnurekenda. Það hefur hækkað um 0,9 % á þessu tímabili að meðaltali hjá öllum verkamönnum, en yfirleitt lækkað hjá öðrum en stjórnendum véla, enda var 1. ársfj. 1967 mjög þungbær, vegna margra helgidaga, sem ekki koma nú fyrr en á 2. ársfjórðungi.

Hér verður nánar sýnd breyting á dagvinnukaupi einstakra starfshópa.verkamanna.

| Verkamenn | Tímak. í dagv. | | Lækkun | Hækkun |
|---|---|---|---|---|
| Fyrsti ársfjórðungur | 1967 | 1968 | % | % |
| Bílstjórar | 64,68 | 69,47 | | 7,4 |
| Ýtu-og kranastj. | 62,82 | 66,55 | | 5,9 |
| Aðst.á trésm.verkst. | 61,89 | 64,64 | | 4,4 |
| Pakkhúsvinna | 58,49 | 61,00 | | 4,3 |
| Aðst.á járnsm.verkst. | 65,68 | 68,36 | | 4,1 |
| Bæjarvinna | 54,30 | 56,48 | | 4,0 |
| Hafnarvinna | 53,60 | 55,69 | | 3,9 |
| Lyftaravinna | 53,97 | 56,02 | | 3,8 |
| Slippvinna | 57,75 | 59,93 | | 3,8 |
| Ýmis alm. vinna | 60,28 | 62,35 | | 3,4 |
| Afgreiðslustörf | 71,13 | 72,95 | | 2,6 |
| Verksm.vinna | 61,76 | 62,85 | | 1,8 |
| Byggingarvinna | 67,98 | 68,00 | | 0,0 |
| Bifvélavirkjun | 71,84 | 71,74 | ÷ 0,1 | |
| Fiskvinna | 53,40 | 52,64 | ÷ 1,4 | |

Athyglisvert er, að þeir starfshópar, sem bezt eru launaðir, raða sér efst og neðst í röðina, þannig að þeir fá ýmist hlutfallslega mesta launahækkun eða minnsta. Lægst launuðu starfshóparnir eru í miðið með rétta hækkun kaupgjaldsvísitölu, nema fiskvinna, þar verður kauplækkun um 1,4 %. Vinnustundum fækkaði þar úr 26 þús. í 19 þús., eða um 27 %, sem stafar meðal annars af vinnustöðvun frystihúsanna í janúar 1967.

Hér á eftir verður sýnt tímakaup í dagvinnu og meðaltímakaup með og án helgidagaálags frá 1. ársfj. 1966, og breyting þess milli ársfjórðunga. Greinilegt er að verðstöðvunar stefnan á árinu 1967 hefur haft tilætluð áhrif á kaupgjaldið, þar sem tímakaup í dagvinnu er það sama á 4. ársfj. 1966 og 1967. Aðeins fyrsti ársfj. 1967 sýnir frávik þar sem hann lækkar, sem bæði stafar af því að þá kom nokkur afturkippur í atvinnuna og að 4. ársfj. 1966 er óvenjulega hár vegna góðrar afkomu margra fyrirtækja það ár.

| Verkamenn Heildarmeðaltöl | Tímak. í dagv. | Meðaltímakaup án hd. | Meðaltímakaup m.hd. | Ársfj.leg hækkun % (1) | (2) | (3) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 1. ársfj. 1966 | 55,00 | 62,90 | 63,33 | - | - | - |
| 2. - - | 57,94 | 69,46 | 73,85 | 5,3 | 10,4 | 16,6 |
| 3. - - | 59,50 | 70,08 | 70,08 | 2,7 | 0,9 | ÷ 5,1 |
| 4. - - | 62,82 | 72,84 | 73,53 | 5,6 | 3,9 | 4,9 |
| 1. ársfj. 1967 | 61,58 | 69,94 | 72,12 | ÷ 2,0 | ÷ 4,0 | ÷ 1,9 |
| 2. - - | 62,46 | 73,65 | 76,50 | 1,4 | 5,3 | 6,1 |
| 3. - - | 62,71 | 72,96 | 72,96 | 0,4 | ÷ 0,9 | ÷ 4,6 |
| 4. - - | 62,84 | 72,17 | 73,69 | 0,2 | ÷ 0,2 | 1,0 |
| 1. ársfj. 1968 | 63,80 | 72,15 | 72,82 | 1,5 | 0,0 | ÷ 1,2 |

Hér kemur í ljós, að dagvinnukaupið hefur hækkað um 14,2 % á árinu 1966, eða frá 1. til 4. ársfjórðungs þess árs, en síðan hefur það verið óbreytt að mestu leyti allt árið 1967, en hækkað um 1,5 % á 1. ársfjórðungi 1968. Meðaltímakaupið hefur hækkað minna, sem sýnir, að yfirvinna hefur minnkað.

## 1,2 Vinnutími verkamanna.

| Verkamenn | Dagv. | Eftv. | Nætv. |
|---|---|---|---|
| 1. ársfj. 1968: | % | % | % |
| Alm. verkam. | 80,6 | 11,3 | 8,1 |
| Aðstoð v/fagv. | 86,0 | 10,0 | 4,0 |
| Vélstjórar | 76,4 | 10,8 | 12,8 |
| Samt. 1.'68 | 80,6 | 10,9 | 8,5 |
| - 1.'67 | 78,6 | 13,3 | 8,1 |
| - 1.'66 | 76,9 | 13,4 | 9,7 |

Eins og greinilega kemur í ljós á meðfylgjandi töflu um hlutfallslega skiptingu vinnutímans, hefur yfirvinna farið stöðugt minnkandi síðan árið 1966. Það sem einkum vekur athygli við 1. ársfj. 1968 er það, að þá í fyrsta sinn lækkar hlutfallstala eftirvinnunnar. Sennilega stafar þetta af því, að nú er minna en áður samið um fasta eftirvinnu, og má því búast við meiri sveiflum í henni en verið hefur. Yfirvinna hefur minnkað hjá öllum starfshópum verkamanna á 1. ársfj. 1968, miðað við 1. ársfj. 1967, þó mjög lítið hjá stjórnendum véla, og þar jukust tekjur af yfirvinnu raunar, vegna þess að nokkur hluti eftirvinnunnar fluttist yfir í næturvinnu.

Mest minnkar yfirvinnan hjá aðstoðarmönnum við fagvinnu. Við járnsmíðar minnkar hún úr 19,1 % (þ.e. um 10,4 klst.á viku) í 13,3 % (6,7 klst.). Í bifvélavirkjun minnkar hún úr 18,8 % í 11,6%. Það er athyglis vert, að á þessum ársfjórðungi þegar vöxtur hleypur í viðgerðir og yfirbyggingu bifreiða vegna umferðarbreytingarinnar, þá virðist eins og einungis iðnaðarmennirnir njóti góðs af því, en ekki þeir ófaglærðu. Skýringin á því er sú, að ófaglærðir verkamenn á bifvélaverkstæðum voru orðnir mjög mikið yfirborgaðir, og má því búast við að kaup þeirra hækki lítið fyrst um sinn, einkum vegna þess að þeir fá ekki jafn mikla hlutdeild í ákvæðisvinnu og iðnaðarmenn, auk þess sem aðrar breytingar vegna eflingar nýsmíða eru þeim óhagstæðar.

Hjá almennum verkamönnum hefur yfirvinna minnkað mest í byggingarvinnu, úr 23,6 % í 18,6 %. Þar er þó enn mikil yfirvinna. Í hafnarvinnu, bæjarvinnu og verksmiðjuvinnu hefur yfirvinna einnig minnkað nokkuð, en ekki eins mikið.

1,3 Kaupmáttur launa verkamanna.

Hér á eftir er sýndur kaupmáttur launa 1. ársfj. 1968 miðað við breytingu raunverulegs tímakaups samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar og framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands frá því á 1. ársfj. 1968. Hér er bæði um að ræða kaupmátt tímakaups í dagvinnu og meðaltímakaups, ársfjórðungslega frá 1966. Einnig eru sýndar tölur fyrir árin 1963 - 1965, sem byggðar eru á skýrslugerð nefndarinnar, en þær tölur eru ársmeðaltöl og að nokkru leyti áætluð, þar sem skýrslugerðin var ekki með sama móti þá og nú. Þær eru þó örugglega nokkuð nærri lagi.

Samkvæmt því hefur kaupmáttur tímakaups í dagvinnu hækkað um 31 % árin 1963 - 1967, en kaupmáttur meðaltímakaups um 28 %. Yfirvinna hefur því dregizt saman síðan 1963, enda er sennilegt, að yfirvinna hafi verið meiri þá á öllu landinu en nokkurn annan tíma síðan eftir stríð.

Fram að þessu hefur kaupmáttur launa verið reiknaður út miðað við hreyfingu neyzluvísitölu. Sú vísitöluröð verður sýnd hér áfram fyrst um sinn og framlengist miðað við hreyfingu A og C liða framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands. Þ. e. eingöngu er sleppt húsnæðisliðnum, en samkomulag hefur orðið um, að framvegis skuli framfærsluvísitalan vera sá mælikvarði, sem nota skal á verðlagshreyfingar,þó með þeim fyrirvara, að hún sýni ekki veruleg frávik frá neyzluvísitölunni næstu ársfjórðunga.

Kaupmáttur launa miðað við framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands.

| | | Vísit. tímak. í dagv. | Vísit. meðal-tímak. | Vísit. framf. kostn. | Vísitala kaupm. tímak. í dagv. | Vísitala kaupm. meðal-tímak. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1963 | | 59,1 | 61,6 | 73,8 | 80,1 | 83,5 |
| 1964 | | 75,0 | 76,6 | 88,0 | 85,2 | 87,0 |
| 1965 | | 89,1 | 90,2 | 94,0 | 94,8 | 96,0 |
| 1966 | 1. ársfj. | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| | 2. - | 105,3 | 110,4 | 103,3 | 101,9 | 106,9 |
| | 3. - | 108,2 | 111,4 | 106,6 | 101,5 | 104,5 |
| | 4. - | 114,2 | 115,8 | 107,2 | 106,5 | 108,0 |
| 1967 | 1. - | 112,0 | 111,2 | 106,6 | 105,1 | 104,3 |
| | 2. - | 113,6 | 117,1 | 106,6 | 106,6 | 109,8 |
| | 3. - | 114,0 | 116,0 | 106,7 | 106,8 | 108,7 |
| | 4. - | 114,3 | 114,7 | 111,3 | 102,7 | 103,1 |
| 1968 | 1. - | 116,0 | 114,7 | 119,5 | 97,1 | 96,0 |

Kaupmáttur launa miðað við neyzluvísitölu.

| | | Neyzlu-vísit. | Vísitala kaupm. tímak. í dagv. | Vísitala kaupm. meðal tímak. |
|---|---|---|---|---|
| 1966 | 1. ársfj. | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| | 2. - | 103,4 | 101,8 | 106,8 |
| | 3. - | 106,5 | 101,6 | 104,6 |
| | 4. - | 107,1 | 106,6 | 108,1 |
| 1967 | 1. - | 106,7 | 105,0 | 104,2 |
| | 2. - | 106,5 | 106,7 | 110,0 |
| | 3. - | 106,1 | 107,4 | 109,3 |
| | 4. - | 110,5 | 103,4 | 103,8 |
| 1968 | 1. - | 119,7 | 96,9 | 95,8 |

Hér er um að ræða tímakaup í dagvinnu eins og það kemur fram í skýrslum Kjararannsóknarnefndar, en ekki kauptaxta. Meðaltímakaupið er úr sömu skýrslum með þeim breytingum, að helgidagaálag hefur verið afnumið til þess að auðveldara sé að átta sig á kaupgjaldsþróuninni.

Tafla 1

Tímakaupstafla 1. ársfj. 1968.

| Verkamenn<br>Véltafla 245 | Heildar-<br>vinnust.<br>þús. | Vog | Tímak.<br>í dagv.<br>kr. | Helgid.<br>álag<br>kr. | Eftirv.<br>álag<br>kr. | Næturv.<br>álag<br>kr. | Meðal-<br>tímak.<br>kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| Alm. verkamannav. | | | | | | | |
| Fiskvinna | 19 | 15 | 52,64 | o,53 | 2,79 | 4,78 | 6o,75 |
| Hafnarvinna | 148 | 2o | 55,69 | o,42 | 4,15 | 3,78 | 64,o6 |
| Pakkhúsvinna | 47 | 3 | 61,oo | o,65 | 3,8o | 5,o2 | 7o,49 |
| Lyftaravinna | 28 | 2 | 56,o2 | o,28 | 4,55 | 4,9o | 65,75 |
| Byggingarvinna | 28 | 1o | 68,oo | o,69 | 5,33 | 1,92 | 75,95 |
| Afgreiðslustörf | 25 | 7 | 72,95 | o,9o | 2,65 | 3,68 | 8o,19 |
| Bæjarvinna | 112 | 15 | 56,48 | o,56 | 3,36 | 2,3o | 62,72 |
| Verksmiðjuvinna | 31 | 11 | 62,85 | o,74 | 2,92 | 3,81 | 7o,33 |
| Slippvinna | 14 | 2 | 59,93 | o,69 | 3,96 | 3,o2 | 67,61 |
| Ýmis alm. vinna | 77 | 15 | 62,35 | o,67 | 3,83 | 6,73 | 73,6o |
| Vegið meðaltal | 529 | 1oo | 59,82 | o,6o | 3,65 | 4,oo | 68,o9 |
| Aðstoð v. fagv. | | | | | | | |
| Málmsmíði | 27 | 35 | 68,36 | o,83 | 3,o8 | 2,76 | 75,o4 |
| Trésmíði | 18 | 3o | 64,64 | o,8o | 3,o8 | 1,26 | 69,79 |
| Bifvélavirkjun | 21 | 35 | 71,74 | o,84 | 4,49 | 2,99 | 8o,o8 |
| Vegið meðaltal | 66 | 1oo | 68,42 | o,82 | 3,57 | 2,39 | 75,22 |
| Vélstjórn | | | | | | | |
| Bílstjórar | 130 | 8o | 69,47 | o,75 | 4,o1 | 7,67 | 81,91 |
| Ýtu- og kranastj. | 66 | 2o | 66,55 | o,68 | 5,21 | 6,54 | 79,oo |
| Vegið meðaltal | 196 | 1oo | 68,88 | o,73 | 4,25 | 7,44 | 81,32 |
| Samanvegið: | | | | | | | |
| Alm. verkamannav. | 529 | 55 | 59,82 | o,6o | 3,65 | 4,oo | 68,o9 |
| Aðstoð v/fagv. | 66 | 2o | 68,42 | o,82 | 3,57 | 2,39 | 75,22 |
| Vélstjórn | 196 | 25 | 68,88 | o,73 | 4,25 | 7,44 | 81,32 |
| | 791 | 1oo | 63,8o | o,67 | 3,78 | 4,53 | 72,82 |

Tafla 2 Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 1. ársfj. 1968

| Verkamenn<br>Véltafla 345 | Heildar-vinnust. þús. | Vog | Skipting vinnutíma<br>Dvt<br>% | <br>Evt<br>% | <br>Nvt<br>% | Heildar-kaup þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| **Alm. verkamannav.** | | | | | | |
| Fiskvinna | 19 | 15 | 79,8 | 9,5 | 1o,7 | 1183 |
| Hafnarvinna | 148 | 2o | 78,1 | 13,7 | 8,2 | 9489 |
| Pakkhúsvinna | 47 | 3 | 78,9 | 11,3 | 9,8 | 333o |
| Lyftaravinna | 28 | 2 | 74,8 | 14,4 | 1o,8 | 1855 |
| Byggingarvinna | 28 | 1o | 81,4 | 15,1 | 3,5 | 2138 |
| Afgreiðslustörf | 25 | 7 | 87,2 | 6,9 | 5,9 | 1971 |
| Bæjarvinna | 112 | 15 | 83,7 | 11,4 | 4,9 | 7o56 |
| Verksmiðjuvinna | 31 | 11 | 84,3 | 8,6 | 7,1 | 2213 |
| Slippvinna | 14 | 2 | 81,5 | 12,4 | 6,1 | 949 |
| Ýmis alm. vinna | 77 | 15 | 76,4 | 1o,7 | 12,9 | 5654 |
| Vegið meðaltal | 529 | 1oo | 8o,6 | 11,3 | 8,1 | 35838 |
| **Aðstoð v/fagv.** | | | | | | |
| Málmsmíði | 27 | 35 | 86,7 | 8,6, | 4,7 | 2o57 |
| Trésmíði | 18 | 3o | 88,4 | 9,3 | 2,3 | 1246 |
| Bifvélavirkjun | 21 | 35 | 83,1 | 11,9 | 5,o | 1719 |
| Vegið meðaltal | 66 | 1oo | 86,o | 1o,o | 4,o | 5o22 |
| **Vélstjórn** | | | | | | |
| Bílstjórar | 13o | 8o | 76,9 | 1o,o | 13,1 | 1o678 |
| Ýtu- og kranastj. | 66 | 2o | 74,2 | 13,8 | 12,o | 5175 |
| Vegið meðaltal | 196 | 1oo | 76,4 | 1o,8 | 12,8 | 15853 |
| **Samanvegið** | | | | | | |
| Alm. verkamannav. | 529 | 55 | 8o,6 | 11,3 | 8,1 | 35838 |
| Aðstoð v/fagv. | 66 | 2o | 86,o | 1o,o | 4,o | 5o22 |
| Vélstjórn | 196 | 25 | 76,4 | 1o,8 | 12,8 | 15853 |
| | 791 | 1oo | 8o,6 | 1o,9 | 8,5 | 56713 |

# II. K A F L I - Iðnaðarmenn.

## 2,1 Iðnaðarmenn samtals.

Töflur 3 og 4 sýna tímakaup nokkurra hópa iðnaðarmanna. Ef tímakaup í dagvinnu og meðaltímakaup án helgidagaálags er vegið saman hjá öllum þessum starfshópum, með meðlimafjölda viðkomandi stéttarfélaga, þá fæst samanvegið kaup þeirra, sem sýnir, að tímakaup í dagvinnu hefur hækkað frá 1. apríl 1967 um 5,1 % og meðaltímakaupið um 4,3 %. Til samanburðar er hér sýnd breyting tímakaupsins á árunum 1966 og 1967.

| Iðanaðarmenn | Tímak. í dagv. | | | Meðaltímak. án hd. | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1966 og 1967 | 1966 | 1967 | Aukn. | 1966 | 1967 | Aukn. |
| 1. ársfj. | 73,73 | 79,53 | 7,9 | 83,34 | 88,22 | 5,9 |
| 2. - | 77,86 | 81,40 | 4,6 | 90,28 | 93,31 | 3,4 |
| 3. - | 79,92 | 81,60 | 2,1 | 91,53 | 93,09 | 1,7 |
| 4. - | 79,14 | 83,00 | 4,9 | 89,54 | 94,33 | 5,4 |

Þar kemur í ljós, að kaupið hefur hækkað mest á 1.- 3. ársfj. 1966, en síðan mun minna, eða um 2,1 % í dagvinnu, allt til 3.ársfj. 1967. Á síðasta fjórðungi þess árs hækkaði það aftur verulega, eða um 4,9 %. Í ársbyrjun 1968 helzt sú kauphækkun, eða eykst lítið hvað dagvinnu viðvíkur, en meðaltímakaupið án helgidagaálags lækkar frá fyrri ársfj. og verður 4,3 % hærra en á 1. ársfjórðungi 1967.

| Iðnaðarmenn | Tímak. í dagv. | | Meðaltímak.án. hd. | |
|---|---|---|---|---|
| Fyrsti ársfjórðungur | KR. | Aukn.% | KR. | Aukn. % |
| 1. ársfjórðungur 1966 | 73,73 | - | 83,34 | - |
| 1. - 1967 | 79,53 | 7,9 | 88,22 | 5,9 |
| 1. - 1968 | 83,61 | 5,1 | 92,04 | 4,3 |

Yfirvinna hefur dregist nokkuð saman og veldur það um 0,8 % minni hækkun á meðaltímakaupi en annars hefði orðið. Greitt tímakaup í dagvinnu hækkar aftur á móti meira en sem nemur hækkun kaupgjaldsvísitölunnar, en sú hækkun kemur þó mjög misjafnt niður á einstakar stéttir.

Hér á eftir verður reynt að gera stuttlega grein fyrir þeim breytingum, sem orðið hafa á tímakaupi þeirra starfshópa iðnaðarmanna, sem skýrslur ná yfir. Breyting tímakaups í dagvinnu og meðaltímakaups fyrir alla starfshópana er sýnd í meðfylgjandi töflu, þar sem þeim er raðað í hækkunarröð.

| Iðnaðarmenn starfsgreinar | Tímakaup í dagvinnu | | | Meðaltímak.án helgid. | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1.ársfj. 1967 | 1.ársfj. 1968 | Aukn. | 1.ársfj. 1967 | 1.ársfj. 1968 | Aukn. |
| | Kr. | Kr. | % | Kr. | Kr. | % |
| Flugvirkjun | 90,52 | 105,09 | 16,1 | 106,89 | 116,07 | 8,6 |
| Bókunarvinna | 72,23 | 78,74 | 9,0 | 80,10 | 86,74 | 8,3 |
| Prentun og bókag. | 78,87 | 85,57 | 8,5 | 86,14 | 93,64 | 8,7 |
| Bifvélavirkjun | 79,06 | 84,77 | 7,2 | 86,61 | 94,80 | 9,5 |
| Skipasm.og viðg. | 78,06 | 83,06 | 6,4 | 87,01 | 93,17 | 7,1 |
| Málmsmíðar | 75,80 | 79,77 | 5,2 | 83,00 | 87,54 | 5,5 |
| Trésmíðar | 77,84 | 81,63 | 4,9 | 86,49 | 89,30 | 3,2 |
| Rafvirkjun | 82,48 | 82,90 | 0,5 | 93,85 | 93,45 | ÷ 0,4 |
| Húsgagnagerð | 88,22 | 84,75 | ÷ 3,9 | 93,87 | 88,96 | ÷ 5,2 |
| Samtals | 79,53 | 83,61 | 5,1 | 88,22 | 92,04 | 4,3 |

## 2,2 Skipasmíðar og viðgerðir.

Hér er um að ræða járn- og skipasmíði auk nokkurra iðnaðarmanna úr öðrum fagfélögum. Vinnutíminn virðist vera svipaður og á 1. ársfj. 1967, en meðaltímakaupið hefur hækkað nokkuð, vegna aukningar næturvinnu á kostnað eftirvinnu. Dagvinnukaupið hefur hækkað úr kr. 78,06 í kr. 83,06, eða um 6,4 %, og hefur því hækkað um 2,6 % meira en nemur hækkun kaupgjaldsvísitölu. Meðaltímakaup án helgidagaálags hefur hækkað úr kr. 87,01 í kr. 93,17, eða um 7,1 %. Breyting á yfirvinnu veldur því 0,7 % viðbótarhækkun.

| Iðnaðarmenn<br>Skipasm.og viðg. | Tímak. í dagv.<br>Kr. | <br>Aukn.% | Meðaltímak.án helgid.<br>Kr. | <br>Aukn.% |
|---|---|---|---|---|
| 1966 1. ársfj. | 72,62 | - | 92,29 | - |
| " 2. " | 75,01 | 3,3 | 90,81 | ÷ 1,6 |
| " 3. " | 76,01 | 1,3 | 86,04 | ÷ 5,3 |
| " 4. " | 78,11 | 2,8 | 86,32 | 0,3 |
| 1967 1. " | 78,06 | ÷ 0,1 | 87,01 | 0,8 |
| " 2. " | 77,74 | ÷ 0,4 | 87,22 | 0,2 |
| " 3. " | 79,67 | 2,5 | 87,76 | 0,6 |
| " 4. " | 80,51 | 1,1 | 92,44 | 5,3 |
| 1968 1. " | 83,06 | 3,2 | 93,17 | 0,8 |

Í skipasmíði og viðgerðum er ekki um að ræða neitt ákvæðisvinnu- eða bónuskerfi, enda eru breytingar á tímakaupi í dagvinnu mjög reglulegar. Smávegis lækkun er á 2. ársfjórðungi 1967, sem getur staðið í sambandi við skyndiverkföll, sem þá voru gerð nokkrum sinnum. Augljóslega hefur meðaltímakaupið hækkað mun minna en dagvinnutímakaupið þessi ár, sem stafar af minnkandi yfirvinnu. Frá 1. ársfj. 1966 hefur dagvinnukaupið hækkað um 14,4 %, en meðaltímakaupið um 1,0 %. Þessi samdráttur í yfirvinnu varð allur á árinu 1966, eins og sést á því, að frá 1. ársfj. 1967 hefur meðaltímakaupið hækkað um 7 %, meðan tímakaup í dagvinnu hefur hækkað um 6,4 %.

## 2,3 Málmsmíðar.

Járniðnaðarmenn fá yfirleitt greitt kaup eftir afköstum (ákvæðisgreiðslur) til viðbótar tímakaupi, sem hér er látið koma til hækkunar á tímakaupi í dagvinnu og meðaltímakaupi, á sama hátt og aðrar greiðslur. Þegar verkefnaskortur verður í járnsmiðjunum, þá er afleiðing þess bæði minnkandi yfirvinna og ákvæðisgreiðslur. Sveiflur í ákvæðisgreiðslum koma fram í greiddu tímakaupi í dagvinnu, ásamt kauptaxtabreytingum, en sveiflur í yfirvinnu koma fram í mismun á hlutfallslegri breytingu meðaltímakaups og dagvinnukaups.

Það, sem einkum vekur athygli, eru árstíðasveiflur, sem koma skýrt fram, og samdráttur í iðnaðinum. Yfir vetrarmánuðina

er tímakaup í dagvinnu lægra en yfir sumarið. Tímakaup í dagvinnu hefur frá 1. ársfj. 1966 hækkað um 12,7 %, en meðaltímakaupið um aðeins 7,9 %. Á þessu tímabili hefur kauptaxtinn hækkað um 11 %, þannig að staða iðnaðarins er betri nú en búast hefði mátt við, þó sérstaklega ef miðað er við 1. ársfjórðung 1967, en frá þeim tíma hefur greitt tímakaup í dagvinnu hækkað um 5,2 % og meðaltímakaupið um 5,5 %, en kauptaxtinn hefur aðeins hækkað um 3,9 % á þessu tímabili.

| Iðnaðarmenn | | Tímakaup í dagv. | | Meðaltímak. án hd. | |
|---|---|---|---|---|---|
| Málmsmíði | | Kr. | Aukn.% | Kr. | Aukn.% |
| 1966 | 1. ársfj. | 70,76 | - | 81,12 | - |
| " | 2. " | 74,61 | 5,4 | 90,13 | 11,1 |
| " | 3. " | 77,17 | 3,4 | 91,97 | 2,0 |
| " | 4. " | 79,06 | 2,4 | 89,98 | ÷ 2,2 |
| 1967 | 1. " | 75,80 | ÷ 4,1 | 83,00 | ÷ 7,8 |
| " | 2. " | 75,04 | ÷ 1,0 | 88,39 | 6,5 |
| " | 3. " | 81,36 | 8,4 | 95,51 | 8,1 |
| " | 4. " | 79,05 | ÷ 2,8 | 89,04 | ÷ 6,8 |
| 1968 | 1. " | 79,77 | 0,9 | 87,54 | ÷ 1,7 |

## 2,4 Trésmíðar.

Ákvæðisgreiðslur eru verulegur hluti launa trésmiða og sveiflast tímakaup þeirra því meira en annarra stétta, auk þess sem atvinnuástandið er mjög misjafnt, einkum í byggingarvinnu. Það er því erfitt að túlka þessar tölur, einkum þar sem úrtakið er ekki nægilega stórt og sveiflur í rekstri einstakra fyrirtækja koma mjög skýrt fram í meðaltölunum. Hér er bæði um að ræða trésmíði í byggingariðnaði og á trésmíðaverkstæðum.

Frá 1. ársfjórðungi 1966 hefur tímakaup í dagvinnu hækkað um 12,5 % og meðaltímakaupið um 8,7 %. Yfirvinna hefur því dregist mjög saman á þessu tímabili. Ef miðað er við 1. ársfj. 1967, þá hefur tímakaupið í dagvinnu hækkað um 4,9 % og meðaltímakaupið um 3,2 %. Yfirvinna hefur því enn minnkað síðan á 1. ársfj. 1967. Veturinn 1966-1967 virðist hafa verið mjög erfiður fyrir trésmiði og atvinnuástandið yfirleitt slæmt allt árið 1967,

nema á 2. ársfj, sem einkennist af háu tímakaupi. Engin veruleg breyting verður á átvinnuástandinu á 1. ársfj. nú umfram það sem vænta mátti vegna árstímans.

| Iðnaðarmenn | Tímakaup í dagv. | | Meðaltímak. án hd. | |
|---|---|---|---|---|
| Trésmíði | Kr. | Aukn.% | Kr. | Aukn.% |
| 1966 1. ársfj. | 72,54 | - | 82,08 | - |
| " 2. " | 78,01 | 7,5 | 88,52 | 7,8 |
| " 3. " | 81,18 | 4,1 | 93,58 | 5,7 |
| " 4. " | 79,08 | ÷ 2,6 | 88,71 | ÷ 5,2 |
| 1967 1. " | 77,84 | ÷ 1,6 | 86,49 | ÷ 2,5 |
| " 2. " | 84,17 | 8,1 | 94,78 | 9,6 |
| " 3. " | 77,57 | ÷ 7,8 | 88,97 | ÷ 6,1 |
| " 4. " | 79,44 | 2,4 | 88,72 | ÷ 0,3 |
| 1968 1. " | 81,63 | 2,8 | 89,30 | 0,7 |

2,5 Húsgagnagerð.

| Iðnaðarmenn | Tímak. í dagv. | | Meðaltímak. án hd. | |
|---|---|---|---|---|
| Húsgagnasmiðir | Kr. | Aukn.% | Kr. | Aukn.% |
| 1966 1. ársfj. | 84,82 | - | 91,86 | - |
| " 2. " | 83,60 | ÷ 1,4 | 90,84 | ÷ 1,1 |
| " 3. " | 102,78 | 22,9 | 110,46 | 21,6 |
| " 4. " | 90,95 | ÷11,5 | 97,23 | ÷12,0 |
| 1967 1. " | 88,22 | ÷ 3,0 | 93,87 | ÷ 3,5 |
| " 2. " | 87,92 | ÷ 0,3 | 93,57 | ÷ 0,3 |
| " 3. " | 86,49 | ÷ 1,6 | 92,02 | ÷ 1,7 |
| " 4. " | 87,65 | 1,3 | 91,27 | ÷ 0,8 |
| 1968 1. " | 84,75 | ÷ 3,3 | 88,96 | ÷ 2,5 |

Iðnaðarmenn við húsgagnagerð fá ýmist greitt tímakaup eða tímakaup ásamt ákvæði eða hafa hreinan uppmælingartaxta.

Einkum eru það bólstrarar, sem hafa hreinan uppmælingartaxta, en kjör samkvæmt slíkum samningum koma ekki inn í þessar skýrslur, vegna þess að þá er ekki unnt að fá nákvæma vitneskju um vinnutímann.

Á árinu 1966 tíðkaðist mjög að greiða tímakaup samkvæmt taxta eða eitthvað lítið yfir hann, auk verulegra ákvæðisgreiðslna eftir afköstum. Þessar ákvæðisgreiðslur náðu hámarki á 3. ársfj. 1966, en þá hækkar tímakaupið um 22,9 %, en hafa verður í huga, að talsverður hluti þess er sennilega fyrir næstu ársfjórðunga á undan. Um áramót 1966 og 1967 gerist það, að eitt stærsta fyrirtækið í þessari grein hækkar dagvinnutaxtann mikið, og fellir niður ákvæðisgreiðslur, en við það lækkar raunverulega greitt tímakaup í dagvinnu og meðaltímakaupið.

Síðan hefur þessi þróun breiðst út og valdið verulegri, almennri kauplækkun í þessari grein. Mjög trúlega er hér um að ræða beina afleiðingu af stórlega aukinni samkeppni við innflutt húsgögn, ásamt vanmati iðnaðarmanna á gildi ákvæðisins.

## 2,6 Flugvirkjun.

| Iðnaðarmenn | | Meðal grundvallarkaup | | Meðaltímakaup | |
|---|---|---|---|---|---|
| Flugvirkjar | | Kr. | Aukn. % | Kr. | Aukn. % |
| 1966 | 1. ársfj. | 86,41 | - | 101,38 | - |
| " | 2. " | 97,12 | 12,4 | 123,29 | 21,6 |
| " | 3. " | 94,31 | ÷ 2,9 | 113,02 | ÷ 8,3 |
| " | 4. " | 91,44 | ÷ 3,0 | 102,20 | ÷ 9,6 |
| 1967 | 1. " | 90,52 | ÷ 1,0 | 106,89 | 4,5 |
| " | 2. " | 89,84 | ÷ 0,8 | 109,49 | 2,4 |
| " | 3. " | 99,07 | 10,3 | 116,20 | 6,1 |
| " | 4. " | 105,81 | 6,8 | 118,20 | 1,7 |
| 1968 | 1. " | 105,09 | ÷ 0,7 | 116,07 | ÷ 1,9 |

Flugvirkjar vinna bæði eftir venjulegu dagvinnutímakaupi og á vöktum. Árið 1966 var vaktavinna mjög lítil, en á 3ja ársfjórðungi 1967 jókst hún verulega, þegar breyting átti sér stað á kjarasamningum flugvirkja, og er nú tæpur helmingur vinnutímans talinn vaktavinna. Þegar flugvirkjar fljúga sem

viðgerðarmenn, fá þeir greitt venjulegt kaup, og að auki sérstaka þóknun fyrir hvern flugtíma. Þessi þóknun getur hækkað tímakaupið mikið.

Í yfirlitinu, sem sýnt er hér með, er tímakaup í dagvinnu og vaktakaupið vegið saman og nefnt meðal-grundvallarkaup. Það inniheldur einnig þóknun vegna flugtíma. Þóknunin er mjög misjöfn og talsvert meiri á sumrin en veturna. Önnur atriði, sem valda sveiflum í grundvallarkaupinu, eru breyttir kjarasamningar. Þeir þýddu mikla kauphækkun að óbreyttu vinnufyrirkomulagi, en því var breytt þannig, að stórlega var dregið úr yfirvinnu. Nú er tímakaup í dagvinnu að meðtöldum flugstundagreiðslum um kr. 98,00 að meðaltali, en vaktavinnukaupið, sömuleiðis að meðtöldum flugstundagreiðslum, um kr. 118,00 pr. klst.

Það hefur því verið um 17 % hærra en dagvinnukaupið pr. klst. að meðaltali. Vinnustundir í viku eru 44 í dagv. og 42 í vaktavinnu. Grundvallartímakaupið hefur hækkað um 21,6 % síðan á 1. ársfj. 1966, en meðaltímakaupið hefur hækkað um 14,4 %. Hér er ekki eingöngu um að ræða samdrátt í yfirvinnu sem orsök fyrir minni hækkun meðaltímakaups en grundvallartímakaups, heldur hefur orðið skipulagsbreyting á kjarasamningum svo sem áður segir. Frá 1. ársfj. 1967 hefur grundvallarkaupið hækkað um 16,0 % og meðaltímakaupið um 8,6 %. Grundvallarkaupið hefur hækkað um 2% frá 2. ársfj. 1967, vegna styttri vinnuviku í vaktavinnu.

## 2,7 Bifvélavirkjun.

Þróun tímakaups bifvélavirkja er á ýmsan hátt nokkuð sérkennileg. Kaupgjald hefur lítið hækkað síðan á 2. ársfj. 1966, enda voru yfirborganir þá yfirleitt mjög háar í þessari atvinnugrein. Segja má, að tímakaupið hafi staðið í stað, þangað til á 3. ársfj. 1967, en þá tók væntanleg umferðarbreyting að hafa örvandi áhrif. Nýsmíði og yfirbyggingar sköpuðu stór verkefni, og á 3. ársfj. 1967 tók stór hluti þeirra manna, sem við bifreiðasmíði vinna, upp ákvæðisvinnufyrirkomulag, sem leiddi strax til verulegrar kauphækkunar. Á 4. ársfjórðungi hætti stórt fyrirtæki störfum, og kann það að einhverju leyti að valda þeirri kauplækkun, sem er á þeim ársfjórðungi, þó ekki eingöngu, því að ákvæðisgreiðslur voru litlar þá, og greinilega má sjá

árstíðasveiflur í kaupgjaldinu, þegar atvinna dregst saman yfir veturinn. Tímakaup í dagvinnu hefur hækkað um 13,0 % síðan á 1. ársfj. 1966 og meðaltímakaupið um 15,6 %, yfirvinna hefur því aukizt á þessu tímabili sem vænta mátti. Fra 1. ársfj. 1967 hefur tímakaup í dagvinnu hækkað um 7,2 % og meðaltímakaupið um 9,5 %. Yfirvinnuaukningin hefur því mestöll orðið eftir 1. ársfj. 1967.

| Iðnaðarmenn | | | Greitt tímak.í dagv. | | Meðaltímakaup | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bifvélavirkjar | | | Kr. | Aukn. % | Kr. | Aukn. % |
| 1966 | 1. | ársfj. | 75,04 | - | 82,02 | - |
| " | 2. | " | 80,31 | 7,0 | 88,80 | 8,3 |
| " | 3. | " | 79,80 | ÷ 0,6 | 90,01 | 1,4 |
| " | 4. | " | 80,28 | 0,6 | 88,30 | ÷ 1,9 |
| 1967 | 1. | " | 79,06 | ÷ 1,5 | 86,61 | ÷ 1,9 |
| " | 2. | " | 79,88 | 1,0 | 91,79 | 6,0 |
| " | 3. | " | 86,08 | 7,8 | 97,53 | 6,3 |
| " | 4. | " | 80,01 | ÷ 7,1 | 89,29 | ÷ 8,4 |
| 1968 | 1. | " | 84,77 | 5,9 | 94,80 | 6,2 |

## 2,8 Rafvirkjun.

| Iðnaðarmenn | | | Tímakaup í dagv. | | Meðaltímak. án hd. | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Rafvirkjar | | | Kr. | Aukn.% | Kr. | Aukn.% |
| 1966 | 1. | ársfj. | 78,66 | - | 88,44 | - |
| " | 2. | " | 80,13 | 1,8 | 94,47 | 6,8 |
| " | 3. | " | 78,99 | ÷ 1,4 | 92,17 | ÷ 2,4 |
| " | 4. | " | 78,79 | ÷ 0,3 | 89,76 | ÷ 2,6 |
| 1967 | 1. | " | 82,48 | 4,7 | 93,85 | 4,6 |
| " | 2. | " | 83,08 | 0,7 | 94,83 | 1,1 |
| " | 3. | " | 79,32 | ÷ 4,5 | 91,53 | ÷ 3,5 |
| " | 4. | " | 81,90 | 3,3 | 92,89 | 1,5 |
| 1968 | 1. | " | 82,90 | 1,2 | 93,45 | 0,6 |

Rafvirkjar þiggja laun ýmist eftir ákvæðiskerfi eða hreinum tímakaupstaxta. Í því yfirliti, sem hér fylgir með,

er ekki um að ræða menn, sem vinna samkvæmt hreinum ákvæðisvinnutaxta, heldur fá þeir allir greitt tímakaup, og flestir fá auk þess greitt ákvæði ofan á tímakaupið, þegar þeir vinna þannig störf, að það eigi við. Ákvæðisgreiðslurnar eru mjög misjafnar, og minnstar urðu þær á 3. ársfj. 1967.

